



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar FUNDUR – 14. nóvember 2006

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 6. fundar þriðjudaginn 14. nóvember 2006 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33 (dómsal). Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá

1. Fundargerð bæjarráðs frá 19. október.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 7. nóvember.
3. Fundargerð bæjarráðs frá 9. nóvember.
4. Fundargerð æskulýðs- og tómstundanevndar frá 19. október.
5. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 31. október.
6. Samningar um leigulönd.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 8. fundar bæjarráðs í 9 liðum frá 19. október kynnt og tekin til afgreiðslu. Svohljóðandi ályktun var gerð vegna 5. liðar fundargerðarinnar. *“Í umsögn um umhverfismat samgönguáætlunar 2007 -2018 mótmælir bæjarstjórn Blönduósbæjar harðlega fram komnum hugmyndum um breytta legu á þjóðvegi 1 um Blönduós. Í svæðisskipulagi Austur Húnavatnssýslu kemur fram stefna allra sveitarfélaga sem að skipulaginu koma að þjóðvegur 1 liggja áfram um Blönduós. Bæjarstjórn telur að breyting þjóðvegur um Blönduós geti haft neikvæð byggðarleg áhrif á svæðið og því þvert á markmið stjórnvalda um svæðisbundnar byggðaaðgerðir. Bæjarstjórn Blönduósbæjar skorar því á samgönguráðherra og yfirvöld samgöngumála að vinna með og í sátt við sveitarfélög landsins að samgöngubótum í viðkomandi héruðum.”*
Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina undir atkvæði, hún var samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.
2. Fundargerð 9. fundar bæjarráðs frá 7. nóvember í 9 liðum kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkvæði. Hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
3. Fundargerð 10. fundar bæjarráðs frá 9. nóvember í 3 liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
4. Fundargerð æskulýðs- og tómstundanevndar frá 19. október í 2 liðum kynnt og vísað til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
5. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 31. október í 8 liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
6. Samningar um leigulönd.
 - a. Við Valgarð Hilmarsson land H-3. Valgarður vék af fundi. Samningurinn samþykktur með 6 atkvæðum samhljóða.

- b. Við Hjört Einarsson lönd no. 116A, 212, 213 og 69. Samningarnir bornir upp og voru þeir samþykktir með 6 atkvæðum samhljóða. Einn var fjarverandi, Jóna Fanney Friðriksdóttir vék af fundi vegna skyldleika við málið.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:10.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign)
Valgarður Hilmarsson (sign.)
Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)
Kári Kárason (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Ragnar Ingi Tómasson (sign)